

Fimmtudaginn 19. mars 1998.

Nr. 128/1998. **Lögreglustjórinn í Reykjavík**
(Egill Stephensen saksóknari)
gegn

Davíð Garðarssyni

(Karl G. Sigurbjörnsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 18. mars 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 19. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 18. mars 1998, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 1. apríl nk. kl. 16. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 18. mars 1998.

Ár 1998, miðvikudag 18. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Arnfríði Einarsdóttur dómara fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Davíð Garðarssyni, kt. 190869-5399, Lauga-vegi 20 a, Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi frá lokum þess gæsluvarðhalds, sem hann nú sætir, en lýkur í dag kl. 16.00, allt til mið-

vikudagsins 1. apríl 1998 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík rannsakar nú innflutning á rúmlega einu kíló af amfetamíni, sem kærði er grunaður um aðild að ásamt Sigurði Erni Ágústssyni. Rannsókn þessa máls hófst, þegar lögreglan fékk upplýsingar um það, að kærði ætti von á miklu magni af amfetamíni frá Hamborg. Í tengslum við þá rannsókn komst lögreglan að því, að von væri á bifreið frá Hamborg, sem væri flutt inn af vini kærða, Sigurði. Rúmlega eitt kíló af amfetamíni fannst í bifreiðinni. Kærði og Sigurður hafa báðir neitað aðild að innflutningi amfetamínsins, en kærði hefur borið, að hann hafi veitt Sigurði aðstoð við kaup á umræddri bifreið og innflutningi hennar.

Fallast verður á það með fulltrúa lögreglustjóra, að framburður kærða sé í ýmsum atriðum ótrúverðugur, einkum að því er varðar gjaldeyriskaup hans og ferðatilhögun. Með hliðsjón af gögnum málsins og því, sem að framan er rakið, verður að telja, að kominn sé fram rökstuddur grunur um aðild kærða að innflutningi fyrrgreinds amfetamíns, en það gæti varðað hann fangelsi samkvæmt 173. gr. a almennra hegningarlaga. Fallist er á það með lögreglunni, að hætta sé á, að kærði gæti torveldað rannsókn málsins, sem er enn skammt á veg komin, svo sem með því að hafa áhrif á vitni eða samseka, færi hann frjáls ferða sinna.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála er fallist á kröfu lögreglustjórans í Reykjavík, eins og hún er fram sett og nánar greinir í úrskurðarorði.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Davíð Garðarsson, sæti áfram gæsluvarðhaldi frá gæsluvarðhaldi því, sem rennur út kl. 16.00 í dag, allt til miðvikudagsins 1. apríl 1998 kl. 16.00.